

1870.
9. júlí.

69. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um styrk handa stiptsbókasafninu.

Um leið og þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, með bréfi, dagsettu 23. marzm. þ. á., hafið sent hingað bænarskrá, þar sem stjórn stiptsbókasafnsins í Reykjavík sækir um 500 rd. styrk til að stækka húsrúm safnsins og búa til skrá yfir bækur þess, hafið þér getið þess, að með því að safnið hafi stækkað svo mjög á hinum síðustu 20 árum, að það sé nú komið upp í hërumbil 15,000 bindi úr hërumbil 6000 bindum, þá sé þörf á sumpart að stækka rúm það á dómkirkjuloptinu, sem safnið hefir hingað til verið geymt í, og búa til útlánsherbergi handa bókaverði, en til þessa mundi þurfa 200—220 rd., sumpart að samin verði skrá yfir bækur þær, sem til fengnar eru síðan 1851, er síðasta bókaskráin var tilbúin, og þessi skrá svo prentuð, en til þessa mundi ganga 500—600 rd., það er segja 250—300 rd. í þóknun fyrir að taka saman skrána, og jafnmikið til prentunar-kostnaðar. Þareð allar árstekjur safnsins ganga í þau útgjöld, sem venjulega koma uppá, af því það er fyrir skipað í stofnunarbréfi safnsins, að annaðhvort ár eigi að kaupa konunglegt skuldabréf með 4 rd. vöxtum af 100, til þess að auka hinn fasta sjóð safnsins, hafið þér, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, mælt fram með, að þessi 500 rd. styrkur til að stækka húsnæði safnsins og búa til bókaskrá verði tekinn af því fê, sem með fjárhagslögunum er veitt til óvissra útgjalda, og honum skipt uppá tvö ár, þannig, að 350 rd. verði veittir á þessu fjárhagsári, en það er svo mikið, sem mundi nægja til að stækka húsakynni safnsins og greiða helming af laununum fyrir að semja bókaskrána; hinn helmingurinn af laununum, 150 rd., verður þá borgaður á fjárhagsárinu 1871—72, allt með þeim skilmála, að verkinu verði lokið á árunum 1870 og 1871. En hvað snertir kostnaðinn við prentun bókaskrárinnar hafið þér farið þess á leit, að leyft verði að leiða hjá sér boð stofnunarbréfsins, það er fyr var getið, um árin 1870—1874, og verja fê því, sem með þessu móti safnast, til prentunar-kostnaðar. Að endingu hafið þér mælt fram með því, að gefa

stiptsbókasafninu fjóra bókaskápa, sem heyra til bókasafni lærða skólans, en eigi þarf á að halda, síðan þetta bókasafn var flutt.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, til leiðbeiningar og svo þér kunnngjörð það, að stjórnarráðið hefir veitt 500 rd. styrk til að stækka húsrúm stiptsbókasafnsins, og til þess að samin verði skrá yfir bækur safnsins. Fø þetta megið þér taka úr jarðabókar-sjóðnum, og skal því varið á þann hátt, sem þér hafið stungið uppá, það er að segja: 200 rd. á þessu fjárhagsári til að stækka húsrúm safnsins og 150 rd. til launa fyrir að semja bókaskrána; en á næsta fjárhagsári má taka út það, sem eptir er af laununum fyrir þetta verk, en það er 150 rd. Þess skal enn getið, að stjórnarráðið mun reyna að fá konungs leyfi fyrir, að verja megi 200 rd. af tekjum stiptsbókasafnsins á árunum 1870—1874 til að borga prentunar-kostnaðinn, í stað þess að keypt verði skulda-bréf fyrir þá; og að endingu skal því við bætt, að stjórnarráðið hefir ekki neitt á móti, að bókaskáparnir sè gefnir stiptsbóka-safninu.

1870.

9. júlí.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lækkun á afgangi af nokkrum jörðum Kirkjubæjar klausturs.

9. júlí.

Með bréfi, dagsettu 22. oktobrm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað skoðunargjörð um það tjón, sem jarðir Kirkjubæjar klausturs, Hátún, Dalbær, Uppsalur og Fagurhlíð, hafa beðið af sandfoki um veturinn 1868—69, og mælt fram með því, samkvæmt uppástungu hlutadeiganda umboðsmanns, að landsetum á þessum jörðum verði um tvö næstu ár veitt sú lækkun á afganginu af jörðunum, sem hér skal getið:

- | | | |
|----|---------------------------------------|---------|
| 1. | landsetanum Hreiðari á Hátúni | 15 áln. |
| 2. | — Sigurði í Dalbæ | 20 - |
| 3. | — Jóni á Uppsölum | 10 - |
| 4. | — Ólafi í Fagurhlíð | 13 - , |

er hver alin af öðrum helmingnum talin 8 sk. virði, en af hinum